

fyrir en við fengjum að njótast og yrðum einn maður, bæði fyrir guði og mönnum.

XII.

Ég hefði feginn viljað halda áfram að dvelja í Castrókastalanum, ef þess hefði verið nokkur kostur. Bernardínó hafði sagt, að ég færi þaðan ekki, fyrr en ég væri orðinn nógu styrkur til að ganga heim til Castilhós. En Bernardínó sá líka um það, að ég væri ekki marga daga í kastalanum, eftir að ég varð ferðafær. — Hann var altaf mjög þungbúinn, og sýndist tuttugu árum eldri en hann var. En aldrei hafði ég séð hann þungbúnari en einmitt daginn, sem ég kvaddi hann og þakkaði honum fyrir þá hjálp, er hann hafði veitt mér.

„Þakka þú ekki mér,“ sagði hann, og það var að sjá á svip hans, eins og ég hefði móðgað hann; „en þakka þú Exilónu og láttu þér farast við hana, eins og heiðarlegum manni sæmir; þú átt henni líf þitt að launa; hún hefir mikið liðið fyrir þig. Láttu þér því farast við hana eins og góðum dreng sæmir. — Far vel!“ Hann hvessti á mig augun litla stund, sneri sér svo snögglega frá mér og gekk suður fyrir kastalann.

Ég kvaddi Adelínu. En Ameliú sá ég ekki; ég hafði aldrei fengið tækifæri til að tala við hana; og hún fékk aldrei að vita, að ég hefði dvalið þar í kastalanum, og það rétt undir herberginu hennar.

En Exilóna gekk með mér niður í miðja hlíðina. Þar staðnæmdist hún við stóran berjarunn, sem var við veginn.